

# Reglur Akureyrarbæjar um úthlutun sérstakra íþróttá- og tómsundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021

## 1. gr. Tílefni

Reglur þessar eru gefnar út til að samræmis sé gætt við úthlutun sérstakra íþróttá- og tómsundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum til að auka jöfnuð til íþróttá- og tómsundastarfs, sbr. fjárukalög fyrir árið 2020, sbr. og lög nr. 26/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

## 2. gr. Inntak styrkveitingar

Fyrir ~~lok-skólaárs 2020-31. júlí~~ 2021 skal greiða íþróttá- og tómsundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 sem eru með lögheimili á tekjulágum heimilum. Með tekjulágum heimilum er átt við heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020, sjá nánar í 3. gr. um staðfestingu á tekjuviðmiði.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþróttá- og tómsundastarf á skólaárinu 2020-2021 og sumarið 2021, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

Íþróttá- og tómsundastyrkir eru veittir vegna þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómsundastarfi. ~~Ekki er h~~Heimilt ~~er~~ að nýta íþróttá- og tómsundastyrk til greiðslu á tækjum, búnaði, fatnaði og ferðum.

## 3. gr. Umsókn

Íþróttá- og tómsundastyrk skv. 2. gr., er greiddur samkvæmt umsókn. Umsókn skal berast til Akureyrarbæjar fyrir ~~31. júlí- mars~~ 2021 og miða skal við að íþróttá- og tómsundastyrkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021 og sumarið 2021.

Áður en sótt er um styrk skal umsækjandi senda beiðni um mat á tekjum í rafræna gátt hjá Ísland.is, þar sem fæst sjálfvirk niðurstaða hvort umsækjandi uppfylli tekjuviðmið 2. gr. Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið er sú niðurstaða send sjálfvirk til fjölskyldusviðs Akureyrarbæjar. Staðfesting á tekjuviðmiði er ekki umsókn til sveitarfélags.

Þegar sjálfvirk niðurstaða frá Ísland.is liggur fyrir getur umsækjandi sótt um styrk á vefsíðu Akureyrarbæjar eða á fjölskyldusviði bæjarins. Með umsókninni skulu fylgja gögn er sýna fram á útlagðan kostnað við íþróttá- og tómsundastarf barnsins skólaárið 2020-2021.

**4. gr.  
Málsmeðferð**

Umsókn er afgreidd á fjölskyldusviði Akureyrarbæjar og niðurstaða kynnt umsækjanda svo fljótt sem unnt er. Ef umsókn er hafnað fær umsækjandi skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti.

Um málsmeðferð, þ.m.t kærueimild, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

**5. gr.  
Gildistaka**

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins um sérstaka íþrótta- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021, öðlast þegar gildi.

*Samþykkt í velferðarráði þann ..... og í bæjarráði þann .....*